

Íslensk Orkuvirkjun ehf
Birkir Þór Guðmundsson
Ármúla 5
108 Reykjavík

2004120064
7000; 9310

Reykjavík, 18. ágúst 2005
/--

Efni: Virkjun Fjarðarár í Seyðisfirði. Ákvörðun um matskyldu.

Vísað er til erindis Íslenskrar Orkuvirkjunar dags. 23. júní 2005 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt fyrirhuguð virkjun Fjarðarár í Seyðisfirði samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Seyðisfjarðarkaupstaðar, Ferðamálaráðs, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, iðnaðarráðuneytis, Landsnets, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar, Vegagerðarinnar og veiðimálstjóra.

Umsagnir bárust frá Seyðisfjarðarkaupstað með bréfi dags. 12. júlí 2005, Ferðamálaráði með bréfi dags. 8. júlí 2005, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 7. júlí 2005, iðnaðarráðuneyti með bréfi dags. 14. júlí 2005, Landsneti með bréfi dags. 5. júlí 2005, Orkustofnun með bréfi dags. 6. júlí 2005, Umhverfisstofnun, með bréfi dags. 18. júlí 2005, Vegagerðinni með bréfi dags. 5. júlí 2005 og veiðimálstjóra með bréfi dags. 1. júlí 2005. Frekari upplýsingar bárust frá Íslenskri Orkuvirkjun með bréfum dags. 4., 5., 8., 11., 12., 13., 25., 27. og 29. júlí 2005.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Byggðar verða tvær sjálfstæðar virkjanir við Fjarðará, þ.e. Gúlsvirkjun sem verður 2,5 MW og Bjólfsvirkjun sem verður 4,9 MW. Ráðgert er að endurbyggja miðlun í Heiðarvatni, sem eykst um 9 Gl og verða stíflugarðar þar 1.158 m að lengd og efnispörf 186.000 m³. Neðan við Heiðarvatnsmiðlun er gert ráð fyrir jöfnunarlóni en úr því mun renna í inntakslón Gúlsvirkjunar. Verða stíflugarðar jöfnunarlónsins 438 m að lengd og efnispörf 25.000 m³. Þverá sem fellur í Fjarðará töluvert neðan við Heiðarvatn verður stífluð og veitt í jöfnunarlónið. Stíflugarðar Þverárlóns verða um 400 m að lengd og efnispörf um 36.000 m³, miðlun 1,5 Gl og niðurgrafið aðveiturör að jöfnunarlóni um 1 km að lengd. Neðan við jöfnunarlónið, ofarlega í Mjósundum, kemur efra inntakslónið, þ.e. inntakslón Gúlsvirkjunar og úr því niðurgrafin aðrennslispípa um 2.890 m löng og 1 m í þvermál að stöðvarhúsi Gúlsvirkjunar. Fyrir neðan stöðvarhúsið kemur inntakslón Bjólfsvirkjunar. Úr því lóni verður niðurgrafin aðrennslispípa um

3.570 m löng og 1 m í þvermál að stöðvarhúsi hennar um 200 m fyrir utan gömlu Fjarðarselsvirkjunina. Jarðstrengur frá Gúlsvirkjun verður um 3.755 m langur og lagður meðfram aðrennslispípu að Bjólfsvirkjun og jarðstrengur frá Bjólfsvirkjun um 1.400 m að dreifikerfi RARIK.

Nýtt verður tæplega 540 m fall í virkjununum. Stefnt er að því að lágmarksrennsli fari ekki niður fyrir náttúrulegt lágmarksrennsli (0,5 m³/s að sumarlagi, 0,1 m³/s að vetrarlagi) til að lágmarka áhrif virkjananna. Ráðgert er að meðalrennsli um Gúlsvirkjun verði 1,1 m³/s en 1,3 m³/s um Bjólfsvirkjun.

Fram kemur að ekki þurfi að leggja nýja vegi eða vegslóða vegna framkvæmdanna í heild sinni nema frá akvegi Fjarðarselsvirkjunar að fyrirhuguðu stöðvarhúsi Bjólfsvirkjunar alls um 35 m. Einnig verður að gera vegslóða í lónstæði Þverárlóns til að hægt verði að komast með byggingarefnið í stíflugarðana. Fyrirhugað er að leggja aðrennslispípur að mestu meðfram núverandi vegi, gamla þjóðveginum eða línuvegum og því ekki þörf á að leggja nýjan veg meðfram lögninni. Samanlögð breidd á skurði og svæði fyrir uppmokstur ásamt vegslóð verður um 10 m.

Fram kemur að efnisþörf sé um 287.000 m³, auk efnis í steinsteypu. Gert er ráð fyrir að námur verði að mestu leyti innan lónstæða. Náma við inntaksmannvirki Bjólfsvirkjunar (Ibn2) er utan lónstæðis en þar var tekið efni við gerð gamla þjóðvegarins. Ein fjögurra náma við Heiðarvatn (Hn1) er að hluta til utan þess svæðis sem fer undir vatn við stækkun miðlunar þar.

Fram kemur að tilgangur framkvæmdarinnar sé að nýta minni vatnsföll til hagkvæmrar orkuöflunar bæjarfélaginu til hagsbóta. Framkvæmdaraðil telur framkvæmdina ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Áhrif á núverandi landnotkun. Í framlögðum gögnum Íslenskrar Orkuvirkjunar kemur fram að neysluvatn Seyðfirðinga sé tekið úr Fjarðará við inntakslón gömlu Fjarðarselsvirkjunarinnar. Þessi lausn sé ekki heppileg þar sem umtalsverð mengunarhætta sé einkum vegna umferðar um Fjarðarheiði. Fram kemur að samhliða áformum um virkjanaframkvæmdir við Fjarðará sé unnið að varanlegri lausn neysluvatnsmála fyrir bæjarfélagið. Þá þarf að gera breytingar á þjóðveginum á kafla við austari enda Heiðarvatns og kemur fram að Vegagerðin hefur fallist á framkvæmdina eins og henni er lýst en með þeim skilyrðum að það verði henni að kostnaðarlausu, hönnun og framkvæmd verði í samráði og með samþykki fulltrúa Vegagerðarinnar og truflun á umferð verði haldið í lágmarki.

Áhrif á landslag og ásýnd lands. Í framlögðum gögnum Íslenskrar Orkuvirkjunar kemur fram að einn mikilvægasti liður í undirbúningi virkjananna hafi verið að meta hagkvæma vatnsnotkun til orkuvinnslu án þess að skaða Fjarðará og fossa hennar. Vatnsnotkun til virkjananna ráðist af lágmrörkun áhrifa vegna þeirra. Tveir meginþættir hafi þar afgerandi áhrif, þ.e. að rennsli fari ekki niður fyrir náttúrulegt lágrennsli og að áin haldi sínum náttúrulegu rennslissveiflum. Miðlanir verði því einnig nýttar framhjá virkjunum og miðlunarstig haft lágt í þeim tilgangi að tryggja að áin haldi útliti sínu þrátt fyrir framkvæmdina. Ennfremur kemur fram að lögð sé áhersla á að öll mannvirki verði aðlöguð að landlegu og þeim byggingastíl sem finna má á Seyðisfirði. Fram

kemur að á byggingartíma verði einhver útlitsröskun á svæðinu og sé hluti framkvæmdasvæðis í alfaraleið.

Áhrif af foki og áhrif á gróður og fugla. Í framlögðum gögnum Íslenskrar Orkuvirkjunar kemur fram að gróður á heiðarsvæðunum, þ.e. við Heiðarvatn, Þverá og inntakslón Gúlvirkjunar sé yfirleitt gisinn og gróskulítill. Gróðurþekja sé víðast minni en 50% á þessum svæðum og langmestur hluti svæðisins sé þakinn mosa. Náttúrustofa Austurlands bendi á að ekki verði séð að hætta sé á foki úr fjöruborði þar sem laus jarðefni séu lítil og vatnið tært fjallavatn en ekki aurblandað, eða fullt af framburði. Tegundafjölbreytni á heiðarsvæðunum sé töluverð miðað við hve hátt svæðin liggja en ekki hafi fundist sjaldgæf eða verðmæt gróðurlendi. Lítið mosaríkt votlendi með fjölda lækja og linda sé í miðju Þverárlónssvæðinu. Ekki hafi fundist sjaldgæfar tegundir eða tegundir á valista en að Síberíugrýta sem er talin sjaldgæfur slæðingur, bæði á Íslandi og í Skandínavía, hafi fundist við sæluhúsið norðan Heiðarvatns. Gróður við inntakslón Bjólfsvirkjunar sé gróskumikill en töluverður hluti af svæði inntakslónsins sé áreyrar og árfarvegur. Á þeim svæðum sem aðrennslispípur muni liggja um sé víða gróskumikill gróður. Gróður á lónstæðum muni fara undir vatn og eyðileggjast við framkvæmdina en hvorki sé þar um stór svæði að ræða né gróskumikinn, sérstakan eða sérlega verðmætan gróður. Allt votlendi á athugunarsvæðum sé langt undir 3 ha að stærð. Fram kemur að aðrennslispípur liggi að stórum hluta um svæði sem áður hefur verið raskað með vegagerð.

Í framlögðum gögnum Íslenskrar Orkuvirkjunar kemur fram að fáar tegundir fugla séu á áhrifasvæði fyrirhugaðra virkjana og einstaklingsfjöldi lítill. Himbrimi, grágæs og straumönd séu þær tegundir sem eru á valista á áhrifasvæðinu og því sé ástæða til að taka sérstakt tillit til þeirra á framkvæmdatíma við Heiðarvatn, í Stafdal og Fjarðará. Fram kemur að búast megi við að fuglar verði fyrir einhverju ónæði á framkvæmdatíma en hægt sé að lágmarka það með því að stilla framkvæmdum í hóf á varptíma sem er maí og júní.

Í framlögðum gögnum Íslenskrar Orkuvirkjunar kemur fram að ekki verði hætta á fokáhrifum vegna miðlananna á heiðinni. Lónin liggja í mikilli hæð yfir sjó og verði ís á þeim oft fram í lok júní. Lónin fyllist oft snemma vors og séu oftast nær full þegar ísa leysir. Framburðarhætta af Fjarðarheiði sé lítil vegna þess hversu jarðefnasnautt afrennslissvæðið er.

Áhrif á fisk. Í framlögðum gögnum Íslenskrar Orkuvirkjunar kemur fram að mikil röskun í farvegum Fjarðará og Þverár t.d. vegna efnistöku geti haft áhrif á fæðuframboð í þeim fyrir fugla og fiska. Til standi að halda lágmarksrennsli eftir virkjun miðað við mælt lágmarksrennsli undangenginna ára og sé ólíklegt að virkjunin hafi mikil áhrif á framleiðslu bleikju- og laxaseiða árinna á fiskgenga hlutanum. Á hinn bóginn þurfi að gæta vel að umgengni við ána á framkvæmdatíma, þ.e. að sem minnst efni berist í ána frá uppgreftri og að framkvæmdir verði tímasettar með tilliti til veiða en veiðihagsmunir séu nokkrir í Fjarðará og sé mikilvægt að sem minnst verði á þá gengið. Sama eigi við um annað lífríki í ánni. Fram kemur að ætla megi að áhrif þeirra framkvæmda sem ráðgerðar eru í Heiðarvatni vegna hækkunar stíflu og aukinnar vatnsmiðlunar geti talist minniháttar vegna fyrri röskunar og einnig í ljósi þess að gert sé ráð fyrir að reksturinn verði aðlagður að vatnsbúskap svæðisins til að lágmarka áhrif. Sama eigi við um hin lónin tvö sem eru mun minni. Veiðimálastofnun bendir á að mikilvægt sé að breytingar á rennsli verði sem hægastar einkum þegar rennsli er minnkað en með því gefist fleiri tegundum

lífvera tækifæri til að varast það að lenda á þurru. Slíkt á ekki síst við um seiði fiska. Svo framarlega sem lágmarksrennsli verði haldið eftir virkjun miðað við mælt lágmarksrennsli undangenginna ára (eins og til stendur) sé ólíklegt að virkjunin hafi mikil áhrif á framleiðslu bleikju- og laxaseiða árinna á fiskgenga hlutanum. Bent er á að tækifæri felist í að fylgjast með og skrá þær breytingar og áhrif sem af framkvæmdum getur hlotist. Sú þekking sem af því hljótist sé líkleg til að geta nýst við mat á áhrifum sambærilegra framkvæmda annars staðar.

Áhrif á menningarminjar. Í framlögðum gögnum Íslenskrar Orkuvirkjunar kemur fram að ekki hafi fundist menningarminjar á svæðinu eða ummerki um slíkt þegar farið var um svæðið að frátöldum akvegi norðan við vatnið. Ekki sé talin þörf á aðgerðum vegna hans.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Í framlögðum gögnum Íslenskrar Orkuvirkjunar kemur fram að nýting svæðisins og framkvæmdin, eins og hún kemur fyrir, sé í samræmi við deiliskipulag fyrir framkvæmdasvæðið.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Seyðisfjarðarkaupstaðar, Ferðamálaráðs, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Landsnets, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar, Vegagerðarinnar og veiðimálstjóra kemur fram að ekki sé talið að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Iðnaðarráðuneytið telur eðlilegt, í ljósi þess hve framkvæmdin nái yfir stórt svæði við alfaraleið og í samræmi við 17. lið í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum, að mat fari fram á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Íslensk Orkuvirkjun tekur ekki undir þá skoðun iðnaðarráðuneytisins að framkvæmdin muni fara yfir stórt svæði en slíkt kunni að virðast þegar horft sé á uppdrætti. Hinsvegar sé framkvæmdin í alfaraleið og muni þeir sem fara um Fjarðarheiði á framkvæmdatímanum verða framkvæmdanna varir. Bent er á að hvorki iðnaðarráðuneytið né aðrir umsagnaraðilar hafi talið efnislegar ástæður til mats á umhverfisáhrifum eða talið að gögn sem fyrir liggi um verkefnið gefi tilefni til þess, ef frá er talið Heilbrigðiseftirlit Austurlands vegna neysluvatnsmála fyrir Seyðfirðinga. Bent er á að tækifæri muni skapast til úrbóta á neysluvatnsmálum Seyðfirðinga samhliða framkvæmdum við fyrirhugaðar virkjanir. Færa verði rökstuddar efnislegar forsendur fyrir því að ákvarða að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum sem sé íþyngjandi ákvörðun. Auk þess sé framkvæmdin hvorki af því umfangi að hún sé sjálfkrafa háð mati á umhverfisáhrifum né að af henni hljótist umtalsverð umhverfisáhrif. Bent er á að fyrir liggi samþykkt deiliskipulag fyrir virkjanasvæðið sem auglýst hafi verið með lögboðnum hætti. Einnig hafi verkefnið verið kynnt undanfarna mánuði á almennum fundum, í fjölmiðlum og með kynningarefni í máli og myndum sem legið hafi frammi í alfaraleið á Seyðisfirði. Framkvæmdin hafi í skipulagsferlinu farið í gegnum almenna opinbera kynningu þar sem íbúum á Seyðisfirði og öðrum sem vildu láta málið til sín taka, gafst kostur á að koma að athugasemdum og sjónarmiðum sínum.

Áhrif á landnotkun. Bæjarstjórn Seyðisfjarðar tekur fram að ekki verði hægt að hefja framkvæmdir fyrr en vatnsöflun til bæjarins hafi verið tryggð. Heilbrigðiseftirlit Austurlands bendir á að nánast allt fyrirhugað athafnasvæði vegna virkjana er innan vatnsverndarsvæðis fyrir

vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar og tryggja þurfi neysluvatn fyrir bæjarfélagið á nýjum stað áður en ákveðið verði að ráðast í framkvæmdir eða þá að haga framkvæmdum með þeim hætti að ekki ógni öryggi neysluvatns og fella kröfur um slíkt vinnulag í útboðsgögn. Fram kemur að ef umhverfismat vegna áformaðra framkvæmda geti sýnt fram á nauðsyn þess að tryggja Seyðfirðingum heilnæmt neysluvatn í nægu magni áður en núverandi vatnsveita er lögð í áhættu, þá sé mælt með umhverfismati fyrir framkvæmdina. Íslensk Orkuvirkjun tekur undir umsögn bæjarstjórnar Seyðisfjarðar og Heilbrigðiseftirlitsins um að tryggja verði neysluvatnsmál Seyðfirðinga áður en framkvæmdir geta hafist eða gera verði strangar kröfu um vinnulag í útboðsgögnum og verksamningum. Haft verði samráð og leitað ráðgjafar m.a. hjá heilbrigðifyfirvöldum á Austurlandi um lausn þessa máls.

Ferðamálaráð telur að miðað við eldri virkjun í Fjarðará og uppistöðulón í Heiðarvatni sé umfang og eðli fyrirhugaðrar aukinnar orkuvinnslu óveruleg.

Orkustofnun bendir á að telja verði að með fyrirhuguðum virkjunum verði vatnsaflsauðlind Fjarðarár vel nýtt. Neysluvatn hafi verið unnið um langa hríð úr Fjarðará fyrir Seyðisfjörð og löngum bundin örðugleikum vegna mikils gruggs í ánni í flóðum. Stóraukin miðlun í Heiðarvatni muni að öllum líkindum leiða til tilsetningar verulegs hluta gruggsins þar, a.m.k. hins grófara gruggs, sem gerði vatnið úr því miðlunarlóni mun viðráðanlegra til hreinsunar. Nýtt yrði næstum 540 m fall í virkjunum þessum, en nýtt fall núverandi virkjunar í Fjarðará er tæplega 50 m. Væri með því móti nýtt svo gott sem allt það fall, sem nýta má með góðu móti ofan af Fjarðarheiði. Ráðgert sé, að meðalrennsli um Gúlsvirkjun verði 1,1 m³/s en 1,3 m³/s um Bjólfsvirkjun, en meðalrennsli árinna þar er um 3,5 m³/s (samkvæmt skýrslu 3,7 m³/s mælt og 3,35 m³/s líkanreiknað) og heildarrennsli árinna þannig nýtt að rúmlega þriðjungu.

Vegagerðin fellst á breytingar á þjóðveginum á kafla við austari enda Heiðarvatns með þeim skilyrðum að það verði henni að kostnaðarlausu, hönnun og framkvæmd verði í samráði og með samþykki fulltrúa Vegagerðarinnar og truflun á umferð verði haldið í lágmarki.

Áhrif á landslag, ásýnd lands og fossa. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóti fossar sérstakrar verndar og skuli forðast röskun þeirra eins og kostur er en fyrirhuguð virkjun muni hafa áhrif á vatnsrennsli í fossum í Fjarðará. Miklar rennissveiflur séu í ánni t.d. sé meðalrennsli yfir sumarmánuðina um 8,2 m³/sek en á köldum vetrardegi geti rennslið farið niður fyrir 0,1 m³/sek. Bæði Múlafoss og Gufufoss séu á skrá yfir fossa sem æskilegt sé talið að friðlýsa og Gufufoss í hópi 30 fossa sem talið sé mjög æskilegt að friða. Með hliðsjón af verndargildi ofangreindra fossa telji stofnunin að tryggja verði það mikið rennsli að ekki verði útlitsbreyting á fossunum. Íslensk Orkuvirkjun bendir á að þegar ráðist var í þetta verkefni hafi menn gert sér fulla grein fyrir verndargildi fossanna í Fjarðará. Þess vegna hafi verið lögð áhersla á að skoða vatnsnotkun til orkuvinnslu út frá sjónrænum áhrifum á vatnsfallið og niðurstaða verið að forsvaranlegt sé út frá náttúruverndarsjónarmiðum að nýta Fjarðará til orkuvinnslu með þeim hætti sem kynnt hefur verið. Ekki sé beint samhengi á milli vatnsmangs og útlits árinna vegna þess hve árfarvegurinn sé brattur og fremur þröngur, rennlishraði vatnsins sé því mikill og fossarnir og áin haldi vel útliti sínu þrátt fyrir mismunandi vatnsmagn. Tekið er undir sjónarmið Umhverfisstofnunnar um verndargildi fossanna.

Umhverfisstofnun bendir á að vanda verði til frágangs á efnistöku, ekki síst þeirra sem eru utan við fyrirhuguð lónstæði. Gera verði áætlun um efnistöku, þar sem m.a. er gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði, sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Íslensk Orkuvirkjun tekur undir athugasemd Umhverfisstofnunnar um mikilvægi þess að vanda efnistöku. Lögð verði sérstök áhersla á vönduð vinnubrögð við efnistöku á framkvæmdartíma og vandaðan frágang námusvæða að framkvæmdatíma loknum. Unnin hafi verið ítarleg áætlun um efnistöku á svæðinu.

Áhrif af foki og áhrif á gróður og fugla. Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð Náttúrustofu Austurlands komi fram að allt votlendi á athugunarsvæðum sé langt undir 3 ha að stærð, hins vegar komi ekki fram hver sé heildarstærð þeirra votlendissvæða sem muni skerðast við framkvæmdina. Umhverfisstofnun telji ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð áhrif á gróður en forðast eigi að raska votlendisblettum í brekkum sem aðrennslispípur muni liggja um. Þá sé að mati stofnunarinnar æskilegt að athuga endurheimt votlendis í stað þess votlendis sem raskast við framkvæmdina og jafnframt er lögð áhersla á mikilvægi þess að jarðraski verði haldið í lágmarki við framkvæmdirnar og að vandað verði til frágangs að verki loknu. Umhverfisstofnun bendir á að ekki komi fram í tilkynningu framkvæmdaraðila hversu mikil vatnsborðssveifla verð í lónunum. Í ljósi þess að Náttúrustofa Austurlands bendi á að ekki verði séð að hætta sé á foki úr fjöruborði, sé ekki ástæða til að ætla að fok úr fjöruborði muni valda umtalsverðum umhverfisáhrifum. Íslensk Orkuvirkjun bendir á að aðrennslispípur verði niðurgrafnar alla leið og yfirborðsáhrif fyrst og fremst á framkvæmdatíma en ekki verði þörf á að ræsa fram land og því ætti landið að gróa upp og jafna sig þegar frá líður. Aðrennslispípur verði að mestu leyti nálægt þjóðvegi og lagnaleiðin sérstaklega valin með það fyrir augum að sem minnst áhrif verði á ósnortið land. Fram kemur að vatnsborðssveifla í Heiðarvatni verði 14 m og 7 m í Þverárlóni.

Umhverfisstofnun bendir á að með hliðsjón af því að á áhrifasvæði virkjunarinnar sáust himbrimi, grágæs og straumönd sem eru á valista sé mikilvægt að taka tillit til ábendingar Náttúrustofu Austurlands um að halda framkvæmdum í lágmarki á varptíma. Íslensk Orkuvirkjun tekur undir þetta atriði.

Áhrif á fisk. Veiðimálastjóri bendir á að áhrif virkjunarinnar verði annarsvegar í Heiðarvatni, sem er fjallavatn með staðbundna bleikjustofna, sem hafa verið lítt nýtanlegir vegna hægs vaxtar og lítillar stærðar á fiski og hinsvegar í Fjarðará sem sé eingöngu fiskgeng um 2 km frá sjó. Niðurstaða skýrslunnar sé að ef fyrirliggjandi áformum verði fylgt og þess gætt að lágmarka áhrif á framkvæmdatíma verði ekki annað séð en að virkjun árinna valdi minniháttar röskun á ánni og lífríki hennar.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki sé líklegt að fyrirhugaðar virkjanir muni hafa í för með sér umtalsverð áhrif á lífríki í Fjarðará en tekið er undir ábendingar Veiðimálastofnunar, í tilkynningu Íslenskrar Orkuvirkjunar, þess efnis að mikilvægt sé að gæta vel að umgengni við ána á framkvæmdatímanum og að framkvæmdirnar verði tímasettar þannig að ekki spillist veiði í ánni.

NIDURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða tvær virkjanir sem munu nýta vatnsorku Fjarðará, þ.e. Gúlvirkjun sem verður 2,5 MW og Bjólfsvirkjun sem verður 4,9 MW. Miðlun í Heiðarvatni verður endurbýggð og mun hún

aukast um 9 Gl. Þverá verður stífluð neðan Heiðarvatns og mun við það myndast 1,5 Gl Þverarlón. Ennfremur munu myndast inntakslón við hvora virkjun. Að stöðvarhúsi Gúlsvirkjunar mun liggja um 2,9 km löng niðurgrafin aðrennslispípa og tæplega 3,6 km löng pípa að stöðvarhúsi Bjólfsvirkjunar sem verður um 200 m fyrir utan gömlu Fjarðarselsvirkjunina. Nýtt verður næstum 540 m fall í virkjununum, en nýtt fall núverandi virkjunar í Fjarðará er tæplega 50 m. Stefnt er að því að lágmarksrennsli í Fjarðará fari ekki niður fyrir náttúrulegt lágmarksrennsli (0,5 m³/s að sumarlagi, 0,1 m³/s að vetrarlagi). Lagður verður um 35 m langur vegur frá akvegi Fjarðarselvirkjunar að fyrirhuguðu stöðvarhúsi Bjólfsvirkjunar og lögð vegslóð í lónstæði Þverarlóns að stíflugörðum. Breyta þarf þjóðveginum á kafla við austari enda Heiðarvatns þar sem hluti hans fer undir vatnið. Efnisþörf er um 290.000 m³, auk efnis í steinsteypu. Námur verði að mestu leyti innan lónstæða. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Áhrif á landnotkun. Seyðisfjarðarbær og Heilbrigðiseftirlit Austurlands benda á að neysluvatn bæjarins er tekið úr Fjarðará og að framkvæmdin geti ekki hafist fyrr en tryggð er öflun neysluvatns til bæjarins og er undir það tekið af hálfu Íslenskrar Orkuvirkjunar. Orkustofnun bendir á að öflun neysluvatns hafi verið bundin örðugleikum vegna mikils gruggs í ánni í flóðum en stóraukin miðlun í Heiðarvatni muni að öllum líkindum leiða til tilsetningar verulegs hluta gruggsins þar sem geri vatnið úr því miðlunarlóni mun viðráðanlegra til hreinsunar.

Fyrir liggur að framkvæmdaleyfi verður ekki veitt fyrr en tryggt er að framkvæmdin spilli ekki neysluvatni Seyðisfjarðar og að bæjaryfirvöld á Seyðisfirði muni vinna að lausn neysluvatnsöflunar í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld á Austurlandi og Íslenska Orkuvirkjun. Umhverfisáhrif á rekstrartíma munu ekki verða veruleg verði lágmarksrennsli í ánni tryggt og rennslisstýringu, m.t.t. lífríkis, hagað eins og fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila. Breyta þarf þjóðveginum við austari enda Heiðarvatns að höfðu samráði og fengnu samþykki Vegagerðarinnar.

Áhrif á ásýnd lands, fossa, gróður, fugla og fisk. Umhverfisstofnun bendir á að talið sé æskilegt að friðlýsa Múlafoss og Gufufoss og að samkvæmt lögum um náttúruvernd njóti fossar sérstakrar verndar og skuli forðast röskun þeirra eins og kostur er. Miklar rennslissveiflur séu í Fjarðará og þurfi að tryggja það mikið rennsli að ekki verði útlitsbreyting á fossunum. Íslensk Orkuvirkjun bendir á að vegna þess hve árfarvegurinn sé brattur og fremur þröngur sé rennlishraði vatnsins mikill og fossarnir og áin haldi vel útliti sínu þrátt fyrir mismunandi vatnsmagn.

Skipulagsstofnun telur að framlagðar ljósmyndir af fossunum í ánni við mismunandi rennsli sýni hve náttúruleg áhrif geta orðið á útlit fossanna. Fram kemur í gögnum Íslenskrar Orkuvirkjunar að vatnsnotkun til virkjananna ráðist af lágmarksrennsli vegna þeirra, það er án þess að skaða Fjarðará og fossa hennar, með því að rennsli fari ekki niður fyrir náttúrulegt lágrennsli og áin haldi sínum náttúrulegu rennslissveiflum. Miðlanir verði því einnig nýttar framhjá virkjunum og miðlunarstig haft lágt í þeim tilgangi að tryggja að áin haldi útliti sínu þrátt fyrir framkvæmdina. Í gögnum framkvæmdaraðila er vísað til mælds lágmarksrennslis að sumarlagi og að vetrarlagi, við Neðri-Staf, sem miðað er við að rennsli fari ekki niður fyrir. Skipulagsstofnun telur að með því að rennsli, af völdum virkjana, við Neðri-Staf fari ekki niður fyrir mæld lágmarksrennsli verði áhrif virkjana á fossa árinna ekki verulega neikvæð. Sjónræn áhrif vegna jarðrasks á framkvæmdatíma munu

verða töluverð og er því mikilvægt að lágmarka jarðrask og vanda til frágangs sem verði eins fljótt og hægt er.

Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun um að forðast eigi að raska votlendisblettum í brekkum sem aðrennslispípur muni liggja um og að halda eigi framkvæmdum í lágmarki sem geti truflað varp himbrima, grágæsar og straumandar í maí og júní. Skipulagsstofnun telur að þrátt fyrir allt að 14 m vatnsborðssveiflu í Heiðarvatni sé ekki veruleg hættu á að fok úr fjöruborði lónsins, eða annarra lóna, muni valda neikvæðum áhrifum, m.a. á gróður, þar sem laus jarðefni séu lítil og vatnið tært fjallavatn en ekki aurblandað eða fullt af framburði.

Nokkur veiði er í neðsta hluta Fjarðarár en samkvæmt framlögðum gögnum Íslenskrar Orkuvirkjunar stendur til að halda lágmarksrennsli eftir virkjun miðað við mælt lágmarksrennsli undangenginna ára. Einnig á að varna því eins og kostur er að efni berist í ána við efnistöku og annað jarðrask, tímasetja framkvæmdir með tilliti til veiða í ánni (júlí-september) ef hættu er á að áin litist um tíma og gæta þess að minnkun á rennsli verði hæg vegna seiða. Skipulagsstofnun telur í ljósi framlagðra gagna og fyrirhugaðrar tilhögunar framkvæmda að virkjun Fjarðarár muni ekki hafa veruleg áhrif á lífríki árinna.

Iðnaðarráðuneytið telur eðlilegt í ljósi þess hve framkvæmdin nái yfir stórt svæði við alfararleið og í samræmi við 17. lið í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum, að mat fari fram á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Samkvæmt framlögðum gögnum Íslenskrar Orkuvirkjunar fer samanlögð aukning í miðlunarrými virkjana í Fjarðará yfir mörk matsskyldra framkvæmda samkvæmt 17. lið í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur það eitt og sér ekki gera framkvæmdina matsskylda, samkvæmt lögum, þar sem um er að ræða breytingu og viðbót við framkvæmd sem þegar hefur verið leyfð og framkvæmd sbr. lið 13 a í 2. viðauka. Samkvæmt framlögðum gögnum muni framkvæmdin ná yfir töluvert stórt svæði en við málsmeðferð stofnunarinnar hafa ekki komið fram efnisleg rök, m.t.t. 3. viðauka laganna, um að í ljósi stærðar og umfangs framkvæmdarinnar kunni hún að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Skipulagsstofnun telur liggja fyrir hvert verði umfang framkvæmdarinnar, áhrifasvæði og umhverfisáhrif.

Deiliskipulag af framkvæmdasvæðinu hefur verið kynnt samkvæmt skipulags og byggingalögum og bærust ekki athugasemdir við það.

Niðurstaða. Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Íslenskrar Orkuvirkjunar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Íslenskrar Orkuvirkjunar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að virkjun Fjarðarár í Seyðisfirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Seyðisfjarðarkaupstaðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Deiliskipulag virkjunar Fjarðarár hefur verið samþykkt í sveitarstjórn og verður unnt að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli þess þegar það hefur tekið gildi. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt

þarf að leggja fram áætlun um efnistöku sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.
Framkvæmdin er einnig háð starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands samkvæmt reglugerð nr.
785/1999 m.s.b.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra.
Kærufrestur er til 19. september 2005.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Seyðisfjarðarkaupstaður, Ferðamálaráð, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, iðnaðarráðuneyti,
Landsnet, Orkustofnun, Umhverfisstofnun, Vegagerðarin og veiðimálstjóri.